

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 57. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur í Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 15.12. 2005 kl.15:00 í Hermes á Reyðarfirði.

Mætt eru: Józef Friðriksson formaður, Edda Egilsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Dagskrá:

1. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig að Edda E. Egilsdóttir var kjörin varaformaður og Jón Halldór Guðmundsson var kjörinn ritari stjórnar.
2. Starfsmannamál.
Forstöðumaður greindi frá stöðunni í starfsmannamálum. Auglýst var í nóvember eftir sérfræðingi í stöðu Kristínar Guðmundsdóttur. Tvær umsóknir bárust og leggur forstöðumaður til að Ólafía Stefánsdóttir verði ráðin í starfið. Stjórnin samþykkir það fyrir sitt leyti .
3. Önnur mál:
 - a. Fjármál Skólaskrifstofunnar. Forstöðumaður fór yfir fjármál stofunnar og meðal annars yfir sjóð sem skrifstofan hefur safnað upp. Stjórnin ræddi málin, m.a lífeyrisskuldbindingar.
 - b. Blátt áfram.
Forstöðumaður kynnti hvernig til hefur tekist með verkefni *Blátt áfram* sem af er.
 - c. Skólastarf í fjölmenningslegu umhverfi.
Forstöðumaður skýrði frá fræðslufundi sem haldinn var í september í samstarfi við Alþjóðahús um skólastarf í fjölmenningslegu umhverfi.
 - d. Bifreiðamál Skólaskrifstofunnar.
Búið er að skipta út annarri bifreið skrifstofunnar þar sem samningar um hana voru lausir og gera samning um nýja bifreið.
 - e. Húsnæði Skólaskrifstofunnar.
Búið er að mála húsnæðið allt að innan.
 - f. Stytting náms til stúdentsprófs.
Forstöðumaður kynnir framkvæmdaáætlun Menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 16:33.

Jón Björn Hákonarson (sign)
Józef Friðriksson (sign)
Edda E. Egilsdóttir (sign)
Sigurbjörn Marinósson (sign)